

# LANDSRÉTTUR

Úrskurður þriðjudaginn 16. júní 2026.

Mál nr. 465/2026:

**A**

(Inga Lilly Brynjólfsdóttir lögmaður)

**gegn**

**B**

(sjálf)

**Lykilorð**

Kærumál. Sjálfræðissvipting.

**Útdráttur**

Staðfestur var úrskurður héraðsdóms þar sem A var sviptur sjálfræði í tvö ár.

## Úrskurður Landsréttar

Landsréttardómararnir Ásgerður Ragnarsdóttir, Jón Höskuldsson og Kristinn Halldórsson kveða upp úrskurð í máli þessu.

### Málsmeðferð og dómkröfur aðila

- Sóknaraðili skaut málinu til Landsréttar með kæru 8. júní 2026. Greinargerð varnaraðila barst réttinum 15. sama mánaðar. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 29. maí 2026 í málinu nr. L-[...]/2026 þar sem sóknaraðili var sviptur sjálfræði í tvö ár. Kæruheimild er í 1. mgr. 16. gr. lögræðislaga nr. 71/1997.
- Sóknaraðili krefst þess að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi en til vara að sjálfræðissviptingu verði markaður skemmri tími. Þá krefst hann þóknunar til handa skipuðum verjanda sínum fyrir Landsrétti.
- Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar.

### Niðurstaða

- Með vísan til forsendna hins kærða úrskurðar verður hann staðfestur.
- Samkvæmt 1. mgr. 17. gr. lögræðislaga greiðist úr ríkissjóði þóknun skipaðs verjanda sóknaraðila fyrir Landsrétti sem ákveðin verður að meðtöldum virðisaukaskatti eins og í úrskurðarorði greinir.

### Úrskurðarorð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Þóknun skipaðs verjanda sóknaraðila fyrir Landsrétti, Ingu Lillyjar Brynjólfsdóttur lögmanns, 176.700 krónur, greiðist úr ríkissjóði.

## Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 29. maí 2026

### *Málsmeðferð og dómkröfur aðila*

1. Með beiðni, dagsettri 15. maí 2026, sem barst héraðsdómi sama dag, hefur sóknaraðili, B, krafist þess að varnaraðili, A, [...], [...], verði sviptur sjálffræði tímabundið í tvö ár á grundvelli a- og b-liðar 4. gr., sbr. 1. mgr. 5. gr., lögræðis laga nr. 71/1997. Um aðild sóknaraðila að málinu er vísað til 2. mgr. 7. gr. sömu laga.
2. Af hálfu varnaraðila er kröfunni mótmælt og þess aðallega krafist að henni verði hafnað en til vara að henni verði markaður skemmri tími. Skipaður verjandi varnaraðila gerir kröfu um þóknun sér til handa úr ríkissjóði í samræmi við 1. mgr. 17. gr. lögræðis laga.
3. Málið var þingfest 27. maí 2026 og tekið til úrskurðar samdægurs. Varnaraðili kom sjálfur fyrir dóminn og gaf þar skýrslu. Þá var tekin símaskýrsla af vitninu C sérfræðingi í geðlækningum. Voru dómari og málflytjendur að því loknu sammála um að frekari gagnaöflunar og vitnaleiðslna væri ekki þörf, áður en málið var flutt munnlega.

### *Helstu málsatvik*

4. Í kröfu um sjálffræðissviptingu kemur meðal annars fram að sóknaraðili sé lögráðamaður varnaraðila. Varnaraðili glími við geðrofssjúkdóm og virkan neysluvanda. Hann hafi fyrst verið sviptur sjálffræði 31. mars 2020, tímabundið til eins árs. Hann hafi síðan aftur verið sviptur sjálffræði tímabundið til tveggja ára með úrskurði Héraðsdóms Reykjavíkur 28. október 2022, en með úrskurði Landsréttar 23. nóvember s.á. hafi sviptingunni verið markaður skemmri tími og ákveðið að varnaraðili skyldi sviptur til eins árs. Með úrskurði Héraðsdóms Reykjavíkur 2. nóvember 2023 hafi varnaraðili verið sviptur sjálffræði að nýju, tímabundið til sex mánaða og hafi þeirri sviptingu verið framhaldið með úrskurði Héraðsdóms Reykjavíkur 16. maí 2024 þar sem varnaraðili var sviptur sjálffræði til tveggja ára. Hafi sá úrskurður verið staðfestur með úrskurði Landsréttar 30. maí 2024.
5. Með beiðni sóknaraðila fylgdi vottorð C, sérfræðings í geðlækningum og meðferðarlæknis varnaraðila, dags. 6. maí 2026. Í vottorðinu kemur fram að varnaraðili sé greindur með geðrofssjúkdóm, þ.e. aðsóknargeðklofa, og glími við neysluvanda. Sjúkdómssmynd hans hafi einkennst af ofsóknar- og tilvísunarranghugmyndum sem hann hafi takmarkað innsæi í en ranghugmyndirnar versni iðulega samhliða neyslu, bæði örvandi efna og kannabis. Undanfarna mánuði hafi hann meira og minna alltaf verið í neyslu á amfetamíni. Varnaraðili hafi í tengslum við ranghugmyndir sínar áreitt fólk og um tíma hafi hann sætt nálgunarbandi gagnvart 11 aðilum og endurtekið brotið gegn því. Árið 2023 hafi hann fengið skilorðsbundinn dóm vegna umsáturseineltis og honum verið gert að sæta lækni meðferð. Varnaraðili hafi frá árinu 2020 verið í þjónustu göngudeildar réttar- og öryggisgeðdeildar. Að því er varði síðastliðið ár hafi verið ákveðið í maí 2025 að hann skyldi leggjast inn á geðdeild en hann hafi stungið af úr viðtali og lögregla leitað hans í þrjár vikur áður en hann fannst og var lagður inn. Hafði hann þá um skeið verið að senda tölvupósta til aðila sem hann sætti nálgunarbandi gagnvart og hefði sú hegðun hans ágerst þannig að hann hafi verið farin að mæta heim til aðila og á vinnustað þeirra. Í kjölfar þessa hafi hann fyrst legið inn á geðgjörgæslu en síðan á öryggisgeðdeild fram til 29. október 2025, lengst af í dagstatus, þar sem

hann mætti á daginn en svaf heima. Nú sem stendur mæti varnaraðili einu sinni í viku í viðtöl og fíkniefnaprófun en á 14 daga fresti fái hann forðalyfjasprautu. Upplifi hann enga hjálp af þeirri meðferð sem hann fái, hvorki af viðtölum né lyfjum. Sé það mat læknisins að varnaraðili þurfi nauðsynlega á áframhaldandi eftirfylgd fagaðila að halda; eftirliti með neysluvanda og stuðningi við að sinna edrúmennsku, sem og áframhaldandi geðrofslyfjameðferð í formi forðasprautu. Varnaraðili hafi takmarkað innsæi í veikindi sín en innsæið hafi verið sveiflukennt og meðferðarheldni ábótavant í gegnum tíðina. Áframhaldandi sjálfræðissvipting sé því að mati læknisins óhjákvæmileg til að tryggja samfellu í lyfjameðferð og eftirfylgd og að hægt verði að grípa til sjúkrahúsvistar ef nauðsyn krefji. Varnaraðili sé metinn óútreiknanlegur og hættulegur fái hann ekki nauðsynlega meðferð og muni þá halda áfram neyslu fíkniefna. Vegna slælegs sjúkdómsinnsæis og oft á tíðum lélegrar meðferðarheldni og fíknivanda sé það mat læknisins að tímalengd sviptingar skuli ekki vera skemmri en tvö ár.

6. Varnaraðili gaf skýrslu fyrir dómi og mótmælti kröfu sóknaraðila um að vera sviptur sjálfræði tímabundið. Fram kom að hann gerði sér grein fyrir að hann ætti við veikindi að stríða og kvaðst hann vera í amfetamínneyslu. Þá gerði varnaraðili grein fyrir því að meðferð á geðsviði Landspítala hefði engu skilað. Á þeim tíma sem hann hefði verið sviptur sjálfræði hefðu veikindin versnað og enginn árangur átt sér stað, myndu veikindi hans versna við hverja innlögn.
7. Vitnið, C, sérfræðingur í geðlækningum og meðferðarlæknir varnaraðila, gaf skýrslu fyrir dómi í gegnum síma. Hún staðfesti vottorð sitt frá 6. maí síðastliðnum, gaf nánari skýringar á því álitum sem þar kemur fram og svaraði spurningum um heilsufar varnaraðila. Fram kom að læknirinn hefði komið að meðferð varnaraðila frá árinu 2024. Alvarlegasta greining hans væri aðsóknargeðklofi. Fengi hann forðalyfjagjöf á tveggja vikna fresti og kæmi vikulega í viðtöl hjá læknum og undirgengist þá fíkniefnapróf. Væri hann alltaf með geðrofseinkenni og yfirleitt alltaf reyndist hann jákvæður fyrir amfetamíni og stundum kókaíni. Einkenni af geðrofssjúkdómi varnaraðila væru mikil og myndi stöðug fíkniefnaneysla hans vinna gegn þeirri meðferð sem hann fengi. Aðalvandamálið væri að hann sýndi hegðun eltiðrellis og hefði nýlega verið að senda tölvupósta til fólks sem hann hefði verið að áreita. Taldi læknirinn sjálfræðissviptingu vera nauðsynlega, mikilvægt væri að varnaraðili héldi áfram í meðferð til að reyna að fyrirbyggja að hann væri að ofsækja fólk. Þá taldi læknirinn líkur fyrir því að varnaraðili hætti í meðferð ef hann væri ekki sjálfræðissviptur, enda hefði hann lítið innsæi í sjúkdóm sinn og teldi meðferð sína gagnslitla. Væru engin vægari úrræði tiltæk. Loks taldi læknirinn að sjálfræðissvipting varnaraðila þyrfti að vera til a.m.k. tveggja ára og nefndi í því sambandi að ekki hefði orðið mikil breyting á sjúkdómseinkennum hans og hegðun. Þær breytingar sem átt hefðu sér stað síðan hún kom að málum varnaraðila væru að hann mætti betur en áður og þar með væri lyfjagjöfin samfelldari.
8. Við munnlegan málflutning ítrekaði lögmaður sóknaraðila gerða kröfu og vísaði henni til stuðnings til fyrirbyggjandi læknisvottorða og vitnisburðar framangreinds læknis.

#### *Niðurstaða*

9. Samkvæmt a-lið 4. gr. lögræðis laga nr. 71/1997 er heimilt með úrskurði dómara að svipta mann tímabundið sjálfræði, fjárræði eða hvoru tveggja, ef hann er ekki fær um að ráða persónulegum högum sínum eða fé vegna andlegs vanþroska, ellisjóléika eða geðsjúkdóms eða vegna annars konar alvarlegs

heilsubrests, og samkvæmt b-lið 4. gr. sömu laga ef hann sökum ofdrykkju eða ofnotkunar ávana- og fíkniefna er ekki fær um að ráða persónulegum högum sínum eða fé og einhver þeirra ástæðna sem tilgreindar eru í a- og c-lið eiga við um viðkomandi, enda standi brýn þörf til og önnur og vægari úrræði í formi aðstoðar hafi verið fullreynd.

10. Með hliðsjón af fyrirliggjandi upplýsingum sem eru í samræmi við gögn málsins, og einkum í ljósi framangreinds vottorðs C læknis og vætti hennar fyrir dómi, er að mati dómsins nægilega sýnt fram á það að varnaraðili sé vegna geð- og fíknisjúkdóms ófær um að ráða persónulegum högum sínum eins og ástandi hans er nú farið. Samkvæmt framanrituðu eru uppfyllt skilyrði a- og b-liða 1. mgr. 4. gr. og 5. gr. lögræðis laga nr. 71/1997 til að verða við kröfu sóknaraðila um að varnaraðili verði sviptur sjálfræði tímabundið.
11. Fyrir liggur að varnaraðili hefur endurtekið verið sviptur sjálfræði tímabundið frá því á árinu 2020, auk þess sem hann hefur notið stuðnings á geðsviði Landspítala, hvort tveggja á göngudeild og með innlögnum. Þrátt fyrir það hefur viðunandi árangur ekki náðst varðandi veikindi hans og honum ekki tekist að láta af fíkniefnaneyslu. Hann hefur á löngum tíma áreitt fólk og verið gert að sæta nálgunarbanni af þeim sökum. Mun hann fyrir skömmu enn hafa verið að setja sig í sambandi við fólk sem áreitni hans hefur beinst að. Í ljósi vottorðs og framburðar læknis, stöðu sjúkdóms varnaraðila og takmarkaðs innsæis hans, sem og fyrri sögu þykir ekki unnt að marka sviptingunni skemmri tíma en krafist er. Að því virtu og með hliðsjón af atvikum öllum, verður fallist á að hann verði sviptur sjálfræði tímabundið í tvö ár. Varnaraðili á þess kost, að sex mánuðum liðnum, telji hann ástand sitt breytt og að ástæður sjálfræðissviptingar séu ekki lengur fyrir hendi, að bera fram kröfu við héraðsdómara um niðurfellingu sjálfræðissviptingar, sbr. 15. gr. laga nr. 71/1997.
12. Samkvæmt 1. mgr. 17. gr. lögræðis laga ber að greiða úr ríkissjóði allan kostnað af rekstri málsins, þar með talda þóknun skipaðs verjanda varnaraðila, Ingu Lillýjar Brynjólfsdóttur lögmans, sem þykir hæfilega ákveðin 222.400 krónur og hefur þá verið tekið tillit til virðisaukaskatts.
13. Stefanía G. Sæmundsdóttir héraðsdómari kveður upp úrskurð þennan.

#### **Úrskurðarorð:**

Varnaraðili, A, kt. [...], er sviptur sjálfræði tímabundið í tvö ár.

Allur kostnaður af málinu, þar með talin þóknun skipaðs verjanda varnaraðila, Ingu Lillýjar Brynjólfsdóttur lögmans, 222.400 krónur, greiðist úr ríkissjóði.